

## LEIÐBEININGAR FYRIR NOTKUN Á MOOCs. KENNSLUKERFI SSÍ FYRIR ÞJÁLFARAMENNTUN.

Áður en byrjað er, er rétt að taka fram að til þess að fá þjálfara réttindi þarf að skrá sig hjá SSÍ og fylgja þeirra reglum um notkun og vinnu í kerfinu, fylla út það sem á að vinna með og skila inn þannig að umsjónarmaður námskeiðs geti fylgst með framvindu þess sem tekur námskeið.

Hins vegar er alltaf hægt að fara inn í kerfið og skoða ákveðna hluti sem fólk hefur áhuga á án þess að vera á námskeiði og fær það þá enga þjónustu frá SSÍ.

### LEIÐBEININGAR:

1. Skráðu þig inn á <http://ties.courseworker.com> og sláðu á enter
2. Þá kemur upp skráningarsíðu þar sem þarf að stofna sig í kerfinu (frítt) ýtið á „register“ Þarna verður þú að fylla út það skráningarnafn sem þú vilt nota í kerfinu og býrð til þitt leyriorð: Það er mikilvægt að þegar þú býrð til leyriorðið að það verður að hafa 8 stafi, minnst 1 tölustaf, minnst 1 staf í lágstöfum og 1 staf að minnsta kosti í hástöfum, minnst 1 innslátt sem er hvorki stafur né tölustafur s.s. #,\$,% , osfrv. (dæmi um login MooC2013# ) Þegar þú ert búinn að fylla út alla reitina þá ýtir þú á „create my new account“ Þá er þér bent á að fara í póstinn þinn og smella á bláa linkinn sem þar kemur upp og þá hefur þú verið skráður í kerfið og getur farið inn og út úr kerfinu svo fremi að þú munir leyriorðið þitt =)
3. Nú ættir þú að vera kominn inn í kerfið og ættir þá að sjá röð niður af köflum sem þú getur ýtt á og farið þannig inn í þann kafla t.d. „Basic Water Confidence and Front Crawl“ þegar þú ert kominn inn í þennan kafla þá getur þú farið fram og til baka í þessum kafla og þarft svolítið bara að prófa þig áfram. Þarna koma fram allir undirkaflarnir sem á að lesa, og horfa á mynd efni, þarna er einnig reitur sem heitir „Reflective Activities“ þar sem þú segir hvað þér finnst um þær spurningar sem þú ert spurður um og ýtir á „Show Workbook“ þá sérðu að reitir verða fylltir sem sýnir hvað þú hefur fyllt út.
4. ef þú lendir í vandræðum þá getur þú alltaf ýtt á „HOME“ EÐA „MY HOME“ þannig ferð þú alla leið til baka og getur byrjað upp á nýtt þar sem þú vilt, (verk tapast ekki ef þú hefur verið búinn að skrifa eitthvað eða slíkt.
5. Í lok hvers kafla er krossapróf sem þörf er á að taka til að geta haldið áfram. Þú færð fleiri en einn möguleika á að taka prófið, en til þess að geta prentað út diplómu og klárað kaflann þarf að svara að minnsta kosti 90% rétt á prófinu.
6. Nú er bara að prófa sig áfram og fikta í kerfinu því þannig lærist best að nota efnið.
7. Ef þú lendir í vandræðum getur þú reynt að senda póst á Hafþór Guðmundsson [hbg@hi.is](mailto:hbg@hi.is) og ég reyni að leiðbeina þér áfram.